

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, 11. apríl 2001.

*Stykkishólmi, 20. apríl 2001.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

*Reykjavegur 36.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 36 við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. október 2000.

Breytingarnar felast í því að húsið er stækkað úr 789 m<sup>2</sup> í 1480 m<sup>2</sup>. Byggingin er stækkuð til vesturs, norður og austurs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu í samræmi við ákvæði sömu laga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 26. apríl 2001.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hafnarsvæðis í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 1. mars 2001 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Höfn 1 á Eskifirði.*

Deiliskipulagið tekur til svæðis neðan Strandgötu og innan við smábátahöfn að áður samþykktu deiliskipulagi Leiru 1.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 26. apríl 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.